

**Nd.**

**216. Nefndarálit**

[83. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og fengið í hendur skriflegar umsagnir dómsmálaráðuneytis, Hagstofu Íslands og lagadeildar Háskóla Íslands. Einnig mættu á fundum nefndarinnar til viðræðna Jón G. Tómasson borgarlögmaður, Gunnar G. Schram prófessor og Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri.

Nefndin telur að orðin „nema gild ástæða sé til annars“ í niðurlagi 1. gr. frumvarpsins eigi við um það tilvik ef námsmaður var hjá foreldrum sínum, t. d. í Reykjavík, þegar hann fór utan til náms, og þá sé eðlilegt að staðsetning hans fylgi breyttu lögheimili foreldra hans, ef þau hafa síðan t. d. flutt til Kópavogs.

Enn fremur telur nefndin að tilkynning sú, sem um getur í 3. gr. frumvarpsins, verði að vera með sannanlegum hætti.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 17. des. 1981.

Ólafur Þ. Þórðarson,  
form.

Eggert Haukdal.

Ingólfur Guðnason,  
fundaskr.

Garðar Sigurðsson,  
með fyrirvara.

Vilmundur Gylfason.

Jósef H. Þorgeirsson,  
frsm.

Friðrik Sophusson.